

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 343/1992.

Stefán Þór Ingason

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Hjálmi hf.

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Skiprúmssamningur. Sjómannalög. Starfslok.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1992 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 995.710 krónur með vöxtum frá 8. ágúst 1990 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Hlutafélagaskrár, sem staðfestir, að 1. desember 1992 hafi varnaraðili málsins í héraði, Útgerðarfélag Flateyrar hf., verið sameinað Hjálmi hf., Flateyri. Hefur það félag því tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Hinn 8. maí 1990 var áfrýjanda sagt upp stöðu 1. stýrimanns á togaranum Gylli, ÍS-261. Gegndi hann áfram stöðu sinni á skipinu til 20. júní 1990, er hann fór úr skiprúmi. Samkvæmt 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er uppsagnarfrestur skiprúmssamnings yfirmanns þrír mánuðir, nema um annað sé samið. Samningstíma áfrýjanda átti því ekki að ljúka fyrr en 7. ágúst 1990. Málsaðila greinir á um ástæður þess, að áfrýjandi vann ekki til loka samningstímans.

Af málsatvikum þykir mega leggja til grundvallar, að það hafi verið ætlan áfrýjanda að fara í land á sama tíma og Páll Halldórsson léti af skipstjórn. Þeir létu báðir af störfum á skipinu að lokinni veiðiferð 20. júní 1990, er Grétar Kristjánsson tók við skipstjórn að nýju. Þykir áfrýjandi ekki hafa sannað, að hann hafi horfið úr skiprúmi vegna frávikningar eða annarra vanefnda af hálfu útgerðarmanns. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað og dæma

áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Stefán Þór Ingason, greiði stefnda, Hjálmi hf., 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 26. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þessa mánaðar, er höfðað fyrir auka-dómþingi Ísafjarðarsýslu af Stefáni Þór Ingasyni, kt. 110953-4029, Ólafstúni 14, Flateyri, gegn Útgerðarfélagi Flateyrar hf., kt. 500674-0169, Hafnarbakka, Flateyri, með stefnu, út gefinni 21. febrúar 1991. Stefnubirtingarvottorð liggur ekki frammi, en stefndi hefur sótt þing frá upphafi.

Dómkröfur.

I.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til greiðslu á 750.000,00 krónum með [náðar tilgreindum vöxtum og málskostnaði]. Loks krefst hann staðfestingar á sjóveðsrétti í bv. Gylli, ÍS-261, skipaskrárnúmer 1451, fyrir ofangreindum kröfum.

Í réttarhaldi 23. júní 1992 leiðrétti stefnandi stefnufjárhæð sína og hækkaði í 995.710,00 krónur, án þess að stefnda hreyfði mótmælum við fjárhæðinni sem slíkri.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir.

II.

Tildrög þessa máls eru, að stefnandi var ráðinn 1. stýrimaður og afleysingarskipstjóri á bv. Gylli, ÍS-261, með ráðningarsamningi, dagsettum 20. ágúst 1989. Skyldi um ráðningarkjör hans fara eftir lögum og kjarasamningum. Hinn 8. maí 1990 var stefnanda sagt upp störfum vegna breyttra aðstæðna hjá stefnda. Stefnandi vann sem 1. stýrimaður hjá stefnda til 20. júní 1990. Þegar hér er komið sögu, greinir stefnanda og stefnda verulega á um málavexti, en reynt verður að rekja málavexti engu að síður.

Þegar Gyllir kom að landi á Flateyri að morgni 20. júní, gekk stefnandi

frá borði og kom ekki aftur til skips. Stefnandi heldur því fram, að sér hafi verið vikið fyrirvaralaust úr starfi, vegna þess að ráðinn hafi verið annar maður í sinn stað sem 1. stýrimaður. Forráðamenn stefnda halda því fram, að stefnandi hafi ekki komið um borð aftur, þar sem hann hafi lýst yfir því, að hann hafi verið ráðinn 1. stýrimaður af Páli Halldórssyni skipstjóra og ekki viljað fara aftur út með öðrum skipstjóra, Grétari Kristjánssyni, sem var að taka við Gylli á nýjan leik þennan sama dag.

Stefnda heldur því fram, að stefnandi hafi farið með framkvæmdastjóra stefnda á skrifstofu þess síðarnefnda og lýst því yfir, að það hvarflaði ekki að sér að vinna, eftir að Páll væri hættur. Jafnframt hafi hann sagt, að sér fyndist, að útgerðin ætti að greiða sér kaup út uppsagnarfrestinn.

III.

Aðalstefnandi hefur ekki komið fyrir dóm. Aðilaskýrsla hans, óstaðfest, hefur verið lögð fyrir dóminn.

Framkvæmdastjóri stefnda, Einar Oddur Kristjánsson, kom fyrir dóm 23. júní 1992. Hann staðfesti áður fram lagða skýrslu sína fyrir dómi og lýsti yfir, að ráðning áhafnar hefði verið mál skipstjóra hverju sinni að frátöldum ráðningum vélstjóra, sem gerðar voru í samráði við útgerðina. Gert hafi verið ráð fyrir því, að stefnandi myndi vinna sem 1. stýrimaður á Gylli út uppsagnarfrest sinn. En að liðnum uppsagnarfrestinum átti stefnandi að hætta starfi sínu sem 1. stýrimaður. Framkvæmdastjórinn bar fyrir rétti, að ekki hefði verið búið að ráða annan mann í starf 1. stýrimanns, þegar stefnandi hætti. Stefnandi hafi tekið þá ákvörðun að hætta, og jafnframt hafi stefnanda þótt það mjög ósanngjörn krafa, að hann „ynni út sinn uppsagnarfrest“.

Framkvæmdastjórinn bar, að gengið hefði verið formlega frá starfslokum Páls Halldórssonar, eftir að hann lét af störfum sem skipstjóri á Gylli. Skipstjóraskiptin hafi verið óháð uppsagnarbréfinu til stefnanda sem og uppgjör vegna starfsloka Páls.

Páll Halldórsson kom fyrir dóm og gaf skýrslu 23. júní sl. og staðfesti áður fram lagða skýrslu sína. Páll kvað þá stefnanda vera systrasyni, og hefði hann gengið frá ráðningu hins síðarnefnda sem 1. stýrimanns á Gylli. Hann lýsti því jafnframt yfir, að hefði hann vitað, að ráðningu sinni lyki 20. júní 1990, hefði stefnandi ekki verið ráðinn í starfið. Hann taldi sig hafa verið ráðinn ótímabundið. Páll bar fyrir dómi, að sér hefði verið sagt upp skipstjórastöðu sinni 20. júní 1990, en sér hefði borist til eyrna fyrr, að þetta staði til.

Páll kvað skipstjóra hafa boðað áhöfn til brottfarar ýmist við komu í land

eða með símhringingu, ef veiðiferð var ekki ákveðin við landkomu. Hann kvaðst hafa tilkynnt skipshöfninni 20. júní 1990, þegar hann fór frá borði, að nýr skipstjóri myndi boða næstu brottför. Brynjólfur Garðarsson hefði tjáð sér, að hann yrði 1. stýrimaður hjá Grétari Kristjánssyni, er hinn síðarnefndi tæki við skipinu. Páll svaraði aðspurður, hvort hann hefði rætt þetta við stefnanda: „Þetta var ekki mikið rætt.“

Ekki kom til greina af hálfu Páls að verða 1. stýrimaður hjá Grétari.

Grétar Kristjánsson, skipstjóri á Gylli frá 20. júní 1990, kom fyrir dóm. Hann kannaðist við að hafa afhent stefnanda uppsagnarbréfið 8. maí 1990. Þá var klárt, að hann tæki við skipinu 20. júní 1990. Hann sagðist hafa sagt stefnanda, að hann gæti verið 1. stýrimaður hjá sér út uppsagnarfrestinn. Þeir hefðu ræðst við í góðu og stefnandi tjáð sér, að hann vildi hætta, strax og Páll hætti, og stefnandi hafi óskað eftir uppsagnarbréfi. Aldrei hafi verið rætt, hvort stefnandi ætti þess kost að verða 2. stýrimaður hjá Grétari.

Grétar kvaðst hafa boðið Brynjólfi Garðarssyni starf 1. stýrimanns frá þeim tíma, er stefnandi myndi hætta. Ákveðið hafi verið í samráði við Ein-ar Odd framkvæmdastjóra að bjóða stefnanda að vinna út uppsagnarfrestinn. Hann hafi ekki verið búinn að ráða Brynjólf, þegar stefnandi fór frá borði. Hann kvaðst hafa boðað skipverja um borð, hvern og einn, en ekki hafa boðað stefnanda, þar sem hann hafi verið búinn að tjá sér, að hann kæmi ekki um borð aftur. Stefnandi hafi ekki verið á heimili sínu umræddan dag. Ekki hafi reynt á það með boðum, hvort stefnandi kæmi aftur um borð til að gegna stöðu 1. stýrimanns.

Einnig kom fyrir dóminn Brynjólfur Jón Garðarsson. Hann kvaðst hafa verið ráðinn stýrimaður á Gylli 20. júní 1990. Þá hafi hann verið í frí næstu 2 eða 3 tóruna á undan. Sér hefði verið kunnugt um, að stefnandi gegndi þessu starfi, og jafnframt, að honum hefði verið sagt upp, en sér hefði verið ókunnugt um, hvenær uppsagnarfresturinn rynni út. Hann kveðst hafa talið, að stefnandi yrði út sinn uppsagnarfrest. Brynjólfur var sérstaklega spurður um fyrirvara að ráðningu sinni. Hann bar, að sér hefði verið boðið starfið með skömmum fyrirvara, er hann var á námskeiði vegna þróunarhjálpár í Namibíu. Hann hafi hætt á miðju námskeiði til að koma vestur í kringum 17. júní 1990. Stefnandi hafi verið hættur, þegar ráðningarsamningur var gerður við sig. Þeir Páll Halldórsson hafi ekki rætt það, að stefnandi ætti kost á starfinu. Umrætt námskeið hafi byrjað 8.–10. júní 1990 og átt að standa í 2 vikur. Ekki hafi verið neinn fyrirvari gagnvart sér um það, hvenær hann skyldi byrja störf sem 1. stýrimaður. Umtalað hafi verið, að hann hæfi störf, um leið og Grétar tæki við skipinu. Grétar hafi tjáð sér, að stefnandi væri hættur. Hann minntist ekki, að stefnandi hefði tjáð sér þetta persónulega.

Við samprófun vitnanna Brynjólfs Garðarssonar og Grétars Kristjáns-sonar bar þeim saman um það atriði, að Grétar hefði tjáð hinum fyrr- nefnda, að stefnandi ætlaði sér að hætta, þegar Grétar tæki við skipinu.

Málsástæður og lagarök.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að 20. ágúst 1989 hafi stofnast með sér og stefnda löglegur og venjulegur ráðningarsamningur um stöðu 1. stýri- manns á Gylli, ÍS-261. Stefnandi hafi ávallt staðið við sinn hluta samnings- ins, og því heimili engin atvik stefnda fyrirvaralaust samningsrof. Stefnandi reisir kröfur sínar á sjómannalögum nr. 35/1985, einkum 9., 25. og 27. gr., lögum um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 og kjarasamningum Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar. Til stuðnings kröfu um staðfestingu á sjó- veði byggir stefnandi á siglingalögum nr. 34/1985, einkum 197. gr. Krafan um málskostnað er studd lögum nr. 85/1936, einkum 177. gr., og krafan um virðisaukaskatt lögum nr. 50/1988, en stefnandi reki ekki virðisaukaskatts- skylda starfsemi og honum því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað.

Stefnda vísar til laga nr. 35/1985 og almennra reglna vinnuréttarins um lok ráðningarsamninga, rétt til launa í uppsagnarfresti og fyrirvaralausa brottför skipverja úr skiprúmi.

Varðandi málskostnaðarkröfu sína, vaxtakröfu á málskostnað og virðis- aukaskatt vísar stefnda til XII. kafla laga nr. 85/1936, einkum ákvæða 175. gr. og 177. gr., svo og 21. og 22. gr. laga nr. 54/1988 um breytingu á þeim lög- um og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum.

Stefnda mótmælir því með öllu, að stefnandi hafi „fyrirvaralaust“ verið „látinn hætta sem 1. stýrimaður, vegna þess að búið var að ráða annan mann í stöðuna“. Honum hafi hvorki verið berum orðum sagt upp starfinu fyrirvaralaust 20. júní 1990 né heldur hafi annar maður verið ráðinn í starf hans. Stefnandi hafi tjáð framkvæmdastjóranum, þegar hann kom í land, að hann væri hætturestur störfum sínum á togaranum. Á þessum tíma hafi ekki annar maður verið ráðinn í starf hans. Samtali stefnanda og framkvæmda- stjórans hafi lokið með þeim hætti, að stefnandi hafi verið staðráðinn í að hætta störfum. Þegar fyrir hafi legið, að stefnandi var hætturestur og genginn af skipinu, var annar maður ráðinn í starf 1. stýrimanns.

Stefnandi hafi hlaupið fyrirvaralaust á brott úr starfi og brugðist þar með starfsskyldum sínum, þar sem uppsagnarfrestur hans var ekki liðinn. Er sýknukrafa stefnda á því reist, að því sé ekki um bótaskyldu af hálfu stefnda að ræða. Málsástæður og lagarök stefnanda eigi því ekki við. Stefn-

andi hafi fengið greidd laun út starfstíma sinn og eigi því ekki rétt á frekari launum, þar sem hann hafi hætt af sjálfsdáðum.

Stefnda telur stefnanda hafa bakað sér bótaskyldu samkvæmt 2. mgr. 60. gr. laga nr. 35/1985 og hefur uppi áskilnað um höfðun máls í samræmi við það.

Niðurstaða.

V.

Í máli þessu er deilt um starfslok stefnanda 20. júní 1990. Stefnandi telur, að um fyrirvaralaus brottvikningu úr starfi hafi verið að ræða, vegna þess að búið hafi verið að ráða annan mann í starf sitt. Stefnda á hinn bóginn telur, að stefnandi hafi hlaupið fyrirvaralaust úr starfi. Sáttatilraunir reyndust árangurslausar.

Kjarasamningur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar hefur ekki verið lagður fram í málinu. Í málflutningi var ekki á honum byggt, og þykir það því ekki varða frávísun.

Ekki er ágreiningur um lögmæti þess, að stefnanda var sagt upp starfi 8. maí 1990.

Stefnandi kom ekki fyrir dóm til þess að gefa aðilaskýrslu.

Ljóst er, að stefnandi tók allt sitt hafurtask og gekk í land 20. júní 1990. Framkvæmdastjórinn hefur borið hér fyrir dómi, að stefnandi hafi tilkynnt sér strax að morgni, að hann væri hættur og færi í land og kæmi ekki aftur til skips. Grétar Kristjánsson hefur einnig borið fyrir dómi, að stefnandi hafi tjáð sér, að hann myndi ekki starfa með öðrum skipstjóra en Páli Halldórssyni. Páll Halldórsson hætti 20. júní 1990 og tilkynnti skipverjum, að annar skipstjóri færi út með skipið. Samkomulag var um starfslok hans, og honum voru greidd þriggja mánaða laun, enda hafði hann lýst yfir, að hann yrði ekki 1. stýrimaður hjá Grétari. Páll bar, að þeir stefnandi hefðu lítið rætt framtíð stefnanda um borð í Gylli.

Ljóst er af framburði vitna og aðila, að annar maður var ekki ráðinn í starf 1. stýrimanns fyrr en að kvöldi 20. júní 1990.

Ekki verður talið, að stefnanda hafi tekist að færa sönnur á það, að Brynjólfur Jón Garðarsson hafi verið ráðinn 1. stýrimaður fyrr en að kvöldi hins 20. júní. Ljóst virðist, að fært hefur verið í tal milli Brynjólfs og Grétars, að hinn fyrrnefndi tæki við starfi stefnanda, þegar hann hætti. Grétar kveður, að ljóst hafi verið, að stefnandi ætlaði sér ekki að vinna með sér. Grétar bar fyrir dómi, að ráðning Brynjólfs hefði verið háð þeim fyrirvara um uppsagnarfrest stefnanda, að hann ynni ekki út frestinn. Brynjólfur bar, að ráðning sín væri fyrirvaralaus. Við samprófun kom fram, að ljóst hefði legið fyrir, að stefnandi starfaði ekki með Grétari.

Ekki er ágreiningur um, að samtöl stefnanda við Grétar annars vegar og

Einar Odd hins vegar hafi átt sér stað 8. maí og 20. júní 1990. Hinum síðarnefndu ber saman um það, að stefnanda var ætlað að vinna út uppsagnarfrest sinn, sem hann gerði ekki. Telja verður ljóst, að stefnandi hafi ætlað að hætta, þegar hann fór í land að morgni 20. júní, og er yfirlýsing hans þar um gagnvart framkvæmdastjóra, sem staðfest hefur framburð sinn fyrir dómi, því til enn frekari sönnunar.

Stefnandi hefur borið fyrir sig við munnlegan málflutning, að hann hafi ekki verið boðaður um borð að kvöldi 20. júní. Stefnda mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni við munnlegan málflutning.

Grétar Kristjánsson hefur borið fyrir dómi, að sér hafi verið kunnugt um, að stefnandi hafi ekki verið á heimili sínu þennan dag. Samkvæmt 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936 ber ekki að taka málsástæðu þessa til greina.

Eins og málsatvikum þykir háttað, verður að telja, að stefnandi hafi ekki hrakið þá fullyrðingu stefnda, að hinn fyrrnefndi hafi fyrirvaralaust farið úr skiprúmi sínu áður en liðinn var uppsagnarfrestur samkvæmt uppsagnarbréfi, dagsettu 8. maí 1990. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 35/1985 á stefnandi ekki rétt til launa eftir 20. júní 1990, enda er ekki deilt um, að gert var upp við hann til þess dags.

Ber samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda, Útgerðarfélag Flateyrar hf., af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000,00 kr., og beri sú fjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður kvað upp dóm þennan, en hann fékk málið til meðferðar, er hann tók við embætti 15. október 1991.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Útgerðarfélag Flateyrar hf., skal sýknað af kröfum stefnanda, Stefáns Þórs Ingasonar.

Stefnandi, Stefán Þór Ingason, greiði Útgerðarfélagi Flateyrar hf. 120.000,00 krónur í málskostnað, og beri sú fjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.